

Nr. 45.

26. okt.

Lög

um

breyting á lögum frá 22. nóv. 1907, um vegi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Í stað flutningabrautarinnar frá Blönduósi vestur fyrir Víðidalsá hjá Steinsvaði, sem ákveðin er í 2. gr. 5. málslíð vegalaganna frá 1907, skal gera þessar tvær flutningabrautir:

- a. Frá Blönduósi að Vatnsdalshólum.
- b. Frá Hvammstanga á þjóðveginn í nánd við Stóra-Ós.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.